# Menningar-, íþrótta- og tómstundafulltrúi

Blönduósbær auglýsir laust til umsóknar starf Menningar-, íþrótta- og tómstundafulltrúa. Um nýtt starf er ræða með starfshlutfalli 80–100%. Tilgangur starfsins er að hafa umsjón með öllu menningar-, íþrótta- og tómstundastarfi Blönduósbæjar í góðu samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Á Blönduósi er góð aðstaða fyrir öflugt íþróttastarf og skýr framtíðarsýn fyrir styrkingu á núverandi tómstundastarfi fyrir alla aldurshópa í þessu vaxandi samfélagi á NV-landi. Hér er fjölbreytt og skemmtilegt tækifæri fyrir skipulagðan einstakling til þess að móta nýtt starf í samstarfi við fjölmarga aðila á svæðinu. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri.

**Markmið og verkefni:**

- Verkefnavinna og þátttaka í stefnumótun í þessum málaflokkum.
- Vinna náið með menningar-, íþrótta- og tómstundanefnd sveitarfélagsins.
- Umsjón og þróunarvinna með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Skjólsins.
- Er tengiliður sveitarfélagsins við félagasamtök sem eru með skipulagða íþrótta- og tómstundastarfsemi í sveitarfélaginu, á grundvelli samninga.
- Vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur grunnskóla og íþróttamiðstöðvar.
- Er tengiliður og umsjónaraðili með verkefninu Heilsueflandi samfélag.
- Verkefnastjórn við undirbúning viðburða á vegum sveitarfélagsins.
- Önnur verkefni á þessu sviði sem viðkomandi er falið af sveitarstjóra.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, gjarnan á sviði kennslu, tómstunda- og félagsmálafræði, eða önnur menntun sem nýtist.
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Reynsla og þekking af íþrótta- og tómstundastarfi.
- Mikill áhugi á velferð íbúa og hæfni til að eiga samskipti við alla aldurshópa.
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi.

Launakjör erum samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu. Umsækjendur af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar veitir Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri. Upphaf starfs er sem fyrst eða samkvæmt nánara samkomulagi. Umsóknum skal skilað á netfangið, valdimar@ blonduos.is **Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2020.**

**BLÖNDUÓSBÆR**
Hnjúkabyggð 33 | 540 Blönduós | Sími 455 4700



